



ÁRSSKÝRSLA
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS
REYKJAVÍKURBORGAR 2014

Efnisyfirlit

Frá formanni skóla- og frístundaráðs	3
Frá sviðsstjóra	4
Skipurit og lykiltölur	5-6
Skóla- og frístundaráð	7
Stefnumótandi ákvarðanir	7
Eftirlit	10
Samráð við stjórnendur	10
Dagforeldrar	11
Leikskólar	12
Grunnskólar	15
Mötuneyti	17
Frístundamiðstöðvar	18
Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar	21
Þverfagleg verkefni	23
Skólahljómsveitir	24
Fullorðinsfræðsla	24
Starfsmenn og starfspróun	25
Rannsóknir og kannanir	27
Ráðstefnur og málþing	28
Verðlaun og styrkir	30
Viðburðir	32
Fjármál	33
Útgáfur	33

Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2014

Gefin út 2015

Ábyrgð: Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri.

Umsjón: Sigrún Björnsdóttir.

Tölfræði: Hallgerður Inga Gestsdóttir.

Hönnun og umbrot: Kristján Sigurðsson.

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir, Romann Gerasymenko og fleiri.

ISSN 1670-6951

Helstu heimildir:

Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fundargerðir skóla- og frístundaráðs.

Niðurstöður ýmissa kannanna

Fyrri ársskýrslur

Fréttatilkynningar

Vefsíða skóla- og frístundasviðs, www.skolaogfristundasvid.is



Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs

Öll börn geta lært

Menntun er mikilvægasta viðfangsefni almannabjónustunnar og ef við viljum skapa börnum í borginni jöfn tækifæri til að þroskast og eflast sem hæfileikaríkar manneskjur þá er það í skólanum sem við fáum besta tækifærið til að breyta þeirri hugsjón í veruleika. Nýr meirihluti skóla- og frístundaráðs hefur ýtt úr vör ýmsum verkefnum sem lúta að því að bæta þjónustu við börn og ungmenni í skóla- og frístundastarfi. Á sama hátt trúum við því að til að ná árangri þurfi að einbeita sér að fáum en skýrum forgangsatridum. Þess vegna höfum við í samstarfi við fagfólk skóla- og frístundasviðs sett fram fimm umbótaþætti sem verða leiðarljós næstu missera.

Eflum málþroska og lesskilning

Kannanir staðfesta að þó mikill meirihluti reykvískra barna og ungmenna nái góðum árangri í skóla og líði þar vel þá er tæplega fimmtungur – þar af tveir þriðju strákar – sem geta ekki lesið sér til gagns við lok grunnskólans. Við þurfum að leggjast á eitt við að styðja betur við þessa nemendur með snemmtækri skimun og íhlutun strax í leikskóla, markvissri lestrarkennslu upp allan grunnskólann og öflugum stuðningi kennsluráðgjafa „beint inn á gólf“ í skólastofunni. Fyrsta verk okkar í nýjum meirihluta var að setja á fót fagræð til að móta tillögur í þessu efni og þær munu vísa okkur veginn um hvernig við getum tryggt börnum í lestrarvanda sem bestan stuðning. Það er verðugt verkefni sem getur skilað ómetanlegum árangri fyrir börnin sem í hlut eiga og samfélagið í heild.

Nemendamiðað skólastarf

Samhliða því sem við byggjum upp traustan grunn þekkingar og færni í undirstöðugreinum þá þurfum við að sameinast um leiðir til að breyta menntakerfinu í þá veru að skólastarfið taki mið af þörfum, áhuga og hæfileikum barnanna sjálfra. Allir vilja ráða örlögum sínum og áhersla okkar á nemendamiðað skólastarf gengur út frá þeirri sýn að með því að auka valdeflingu barna og ungmenna í skólastarfi, frelsi þeirra til að velja sér áherslur í námi, þá séum við í leiðinni að leggja grunn að því að þau finni hæfileikum sínum réttan farveg í stað þess að flosna upp frá námi.

Fjölmening

Ein af þeim breytingum sem orðið hafa á skólasamfélaginu í Reykjavík á undanförunum árum er meiri fjölbreytileiki í nemendahópnum. Tíunda hvert grunnskólabarn er af erlendum uppruna. Þessi börn verðskulda sömu tækifæri og innfædd börn til að láta drauma sína rætast. Þess vegna leggjum við áherslu á að efla móðurmálskennslu þeirra samhliða því sem við þroskum virkt tvítyngi með markvissri íslenskukennslu.

Aukið vægi verk-, tækni- og listnáms

Eitt af sérkennum íslenska skólakerfisins er mikil áhersla á bóknað. Það er staðreynd að verklegar greinar, tækni – og listgreinar, hafa þar farið halloka, m.a. út af fjárskorti. Þetta er alvarlegt því lykillinn að því að auka nemendamiðað skólastarf er að börn og ungmenni hafi raunverulegt val þegar kemur að áherslum í námi. Við munum leita raunhæfra leiða til að auka framboð á verk-, tækni- og listgreinum í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Virðum fagmennsku kennara og skólastjórnenda

Brýnt er að skapa breiða samstöðu um það meðal stjórnvalda, skólafólks og almennings að kennarastarfið sé metið að verðleikum og eftirsóknarvert í hugum ungs fólks í leit að starfsvettvangi. Við munum leggja okkar af mörkum til að miðla frábærum hugmyndum og kennsluáðferðum milli starfsstöðva og umfram allt stuðla að því að skólafólk í borginni fái svigrúm til að læra hvert af öðru og vinna saman að umbótum í skóla- og frístundastarfi. Við lítum á okkur sem bandamenn kennara, stjórnenda og foreldra um velferð barnanna okkar og ef okkur tekst að ná saman um leiðir að settu marki þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.



Ragnar Þorsteinsson,
sviðsstjóri skóla-
og frístundasviðs.

Frá sviðsstjóra

Árið 2014 var viðburðaríkt í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Mörgum merktum stefnu-
málum var hrundið úr vör og metnaðarfullt fagstarf komst í sviðssljósið, m.a. á fagstefnu
sviðsins í Ráðhúsinu sem haldin var samhliða Barnamenningarhátíð dagana 30. apríl – 3. maí.
Yfirskrift þessarar stefnu var *Skóla- og frístundaborgin Reykjavík* og birtist þar breitt framboð
framúrskarandi fagstarfs á starfsstöðum sviðsins. Á sýningu sem sett var upp í Tjarnarsalnum
mátti sjá fjölmörg nýbreytniverkefni, kynnast kröftugu listnámi með skemmtiatriðum barna og
ungmenna og ræða í málstofum áherslur í skólamálum út frá fimm grunnþáttum menntunar.
Sýningin stóð í fjóra daga og streymdu ungir sem aldnir í ráðhúsið til að fræðast, skemmta sér
og leggja sitt af mörkum til umræðunnar.

Þverpólitísk samstaða var um nýja fjölmenningarstefnu, *Heimurinn er hér*, sem samþykkt var á
vordögum í skóla- og frístundaráði. Í henni er lögð áhersla á virkt tvítyngi og virðingu fyrir
uppruna og menningu allra barna. Stefnan verður leiðarljós að því hvernig við getum eftt börn og ungmenni með annað
móðurmál en íslensku og náð árangri í þeim þróunarverkefnum sem eru farin af stað, t.d. í Efra-Breiðholti, þar sem starfsfólk
vinnur að því, þvert á skólastig, að lengja þann tíma sem börn eru í íslensku námsumhverfi.


Ánægjulegt var hversu reykvískir grunnskólanemendur stóðu sig vel í PISA - rannsókninni þegar árangur þeirra var borinn
saman við aðra landshluta. Margir skólar fengu niðurstöðu sem jafnast á við þau lönd sem hæst skorðu 2012.
Niðurstöðurnar leiða í ljós að reykvískt skólakerfi býr yfir miklum styrk í mikilvægum þáttum. Óvíða í heiminum er meira
jafnræði til menntunar á Íslandi og til dæmis eru nær engin tengsl milli læsis og þjóðfélagsstöðu nemenda. Einnig má geta
þess að niðurstöður um skólabrag og líðan nemenda í grunnskólum voru sérlega jákvæðar, bæði fyrir Reykjavík og landið í
heild.

Tvö fréttabréf voru gefin út af sviðinu á árinu og send til foreldrasamfélagsins og allra starfsmanna. Í fréttabréfi vorsins var
m.a. fjallað um jafnréttisskóla, þátttökubekki sem sérhæft námsúrræði og áhrif staðalmynda á líðan og sjálfsmynd barna.
Þá voru kynnt ýmis þróunarverkefni, fyrirhugaðar endurbætur á skólum og skólalóðum og fjallað um leiklist í leikskólastarfi,
snjalltæki í skapandi námi og gildi móðurmálskennslu fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

Lykillinn að farsælu skólastarfi er fagmennska kennara og stjórnenda, jákvæð viðhorf foreldra og virk aðkoma þeirra að
námi barna sinna. Upplýsingar til foreldra og starfsmanna um starfsemi skóla- og frístundasviðs er lykillinn að umræðu um
þennan mikilvæga málaflokk. Ég hvet því samstarfsfólk og foreldra til að kynna sér starfsemi sviðsins, m.a. með þessari
ársskýrslu.



Skipurit og lykiltölur



Lykiltölur skóla- og frístundasviðs

- 64 leikskólar þar af tveir sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili með um 6.000 börn. Auk þess eru um 978 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum. Um 700 börn dvelja að jafnaði hjá rösklega 200 dagforeldrum.
- 36 grunnskóli með um 13.750 nemendur, auk 7 sjálfstætt starfandi grunnskóla með 770 nemendur.
- 39 frístundaheimili og 6 frístundaklúbbar fyrir um 4.100 börn.
- 21 félagsmiðstöð með um 175.000 heimsóknir á ári.
- 4 skólahljómsveitir þar sem um 430 nemendur læra á hljóðfæri.
- Námsflokkar Reykjavíkur þar sem um 250 manns stunda nám á ári hverju og um 1.500 manns fá náms- og starfsráðgjöf.
- Skóla- og frístundasvið greiðir með um 2.500 nemendum í 18 tónlistarskólum í borginni.
- Hjá sviðinu starfa um 4.300 starfsmenn í rúmlega 3.850 stöðugildum. Þar af eru 1.745 stöðugildi leik- og grunnskólakennara.
- 83% starfsmanna eru konur.

Fjöldi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi haustið 2014

	Fjöldi starfsstaða	Fjöldi barna, nemenda og ungmenna
Leikskólar Reykjavíkur	62	6.003
Sjálfstætt starfandi leikskólar	18	978
Grunnskólar Reykjavíkur*	36	13.753
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	6	774
Frístundaheimili*	38	3.860
Félagsmiðstöðvar/frístundaklúbbar*	27	15.9061*
*Fjöldi heimsókna 10-16 ára		

*33 frístundaheimili + 5 sameinuð grunnskólum

*21 félagsmiðstöð + 6 frístundaklúbbar

*Grunnskólar Reykjavíkur/sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)



Skóla- og frístundaráð

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum og fyrir frístundastarf barna og ungmenna. Einnig mótar það stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og fullorðinsfræðslu. Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur það eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs. Skrifstofa sviðsins annast stjórnsýslu fyrir ráðið og heldur utan um starfsemi þess. Ráðið starfaði á fyrri hluta árs undir forystu Oddnýjar Sturludóttur en á seinni hluta ársins leiddi Skúli Helgason starf ráðsins. Í því sátu sjö kjörnir fulltrúar.

Fulltrúar í skóla- og frístundaráði til 16. júní 2014

Oddný Sturludóttir formaður (Samfylkingin)

Hilmar Sigurðsson (Samfylkingin)

Ragnar Hansson (Besta flokki)

Eva Einarsdóttir (Besta flokki)

Kjartan Magnússon (Sjálfstæðisflokkurinn)

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir (Sjálfstæðisflokkurinn)

Líf Magneudóttir (Vinstrihreyfingunni grænu framboði).



Síðasti fundur skóla- og frístundaráðs undir stjórn oddnýjar Sturludóttur. Frá vinstri; Eva Einarsdóttir, Ragnar Hansson, Kjartan Magnússon, Líf Magneudóttir, Oddný Sturludóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Hilmar Sigurðsson.

fólk í leikskólum og grunnskólum og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva. Sviðsstjóri, fjármálastjóri, mannauðsstjóri og fagstýrur sviðsins sátu fundi ráðsins, auk ritara. Á árinu fékk Reykjavíkurráð ungmenna áheyrnarfulltrúa í ráðinu og sat hann sinn fyrsta fund 10. apríl.

Skipað var í ráðið að nýju eftir sveitarstjórnarkosningar í maí og kaus borgarstjórn eftirfarandi fulltrúa á fundi sínum 16. júní.

Skúli Helgason formaður (Samfylkingin).

Líf Magneudóttir (Vinstrihreyfingunni grænu framboði).

Sabine Leskopf (Bjartri framtíð)

Ragnar Hansson (Bjartri framtíð)

Kjartan Magnússon

(Sjálfstæðisflokkurinn)

Marta Guðjónsdóttir

(Sjálfstæðisflokkurinn)

Jóna Björg Sætran

(Framsóknarflokkurinn og flugvallarvinum)

Arnaldur Sigurðsson (áheyrnarfulltrúi Pírata).

Félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík og SAMFOK eiga áheyrnarfulltrúa í ráðinu, svo og skólastjórnendur, starfs-

Stefnumótandi ákvarðanir

Tölvutækni í skólastarfi fatlaðra barna og ungmenna

Ráðið samþykkti snemma árs tillögur starfshóps um notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemenda. Þær fela í sér að gerð verði áætlun til nokkurra ára um spjaldtölvuvæðingu nemenda og kennara í Klettaskóla og sérdeilda við grunnskóla.

Almenningsbókasafn í Norðlingaskóla

Ráðið samþykkti í janúar þriggja ára tilraunaverkefni um samrekið almenningsbókasafn og skólasafn í Norðlingaskóla.

Framhaldsskólaáfangar

Í febrúar fól ráðið sviðsstjóra að leita eftir viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um áhuga borgarinnar á því að taka yfir rekstur framhaldsskóla og auka samfellu milli skólastiga. Jafnframt lagði ráðið til á árinu að stefnt yrði markvisst að því að styðja við nemendur sem vilja taka námsáfanga við framhaldsskóla, s.s. í fjarnámi, samhlíða grunnskólanámi.

Heilsuefling - hreyfing

Í mars samþykkti ráðið tillögur starfshóps um leiðir til að efla hreyfingu skólabarna. Þær fela m.a. í sér að hreyfing verði aukin í frímínútum og skoðað verði hvort fyrirkomulagi þeirra verði breytt. Þá kveða tillögur á um aðgerðir til að auka hreyfingu skólabarna í byrjun skóladays.



Reykjavíkurráð ungmenna fær áheyrnarfulltrúa

Í mars samþykkti ráðið að Reykjavíkurráð ungmenna fengi tvo áheyrnarfulltrúa í ráðinu til reynslu út kjörtímabilið og í framhaldi að því yrði aðkoma Reykjavíkurráðsins útfærð. Í september beindi ráðið því til borgarráðs að breyta samþykkt um skóla- og frístundaráð á þann veg að einn fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna ætti rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti, sambærilegan rétt og aðrir áheyrnarfulltrúar ráðsins. Tók fulltrúi Reykjavíkurráðsins sæti í lok ársins.

Listdans

Ráðið samþykkti í mars að fela sviðsstjóra að skoða möguleika á samstarfi skóla- og frístundasviðs við þá listdansskóla í Reykjavík sem sinna grunnenntun í listdansi samkvæmt námsskrá.

Heimurinn er hér

Ný stefna um fjölmenningsleg skóla- og frístundastarf var samþykkt í maí og stóðu allir flokkar einhuga að henni. Meginstoðir stefnunnar eru þrjár: Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf.

Hjólreiðar barna og unglunga

Drög að stefnu um hjólreiðar barna og unglunga, *Ævintýri, hreysti og sjálfstæði*, var lögð fyrir ráðið í júní. Skýrslan verður lögð til grundvallar við endurskoðun á hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.

Átak í endurbótum á húsnæði og lóðum leikskóla

Ráðið samþykkti í júní að beina þeim tilmælum til umhverfis- og skipulagssviðs að ráðast í átak á viðhaldi og endurbótum á húsnæði og lóðum leikskóla.

Starfshópur um móðurmálskennslu

Ráðið samþykkti í ágúst að setja saman starfshóp um móðurmálskennslu fyrir grunnskólabörn af erlendum uppruna. Hann á m.a. að leggja mat á þörfina fyrir móðurmálskennslu tví- og margtyngdra barna, faglegar kröfur og menntun kennara, námsskrá og viðurkenningu á náminu.



Fagráð um læsi

Ráðið samþykkti í ágúst að setja á fót fagráð um leiðir til að efla lestrarfærni og lesskilning barna og ungmenna í skólum borgarinnar. Samþykktin var í samræmi við samstarfssáttmála nýs meirihluta Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs og Pírata. Fagráðið mun móta tillögur um hvernig megi efla lestrarfærni og lesskilning meðal grunnskólanemenda, sem og málþroska, hljóðkerfisvitund og læsi barna í leikskólum. Þá á það að endurskoða fyrirkomulag lesskímunar.

Betri nýting á fjármagni

Í september fól ráðið sviðsstjóra að setja á fót stýrihóp til að endurskoða lykilþætti í rekstri sviðsins með það fyrir augum að auka skilvirkni og veita auknu fjármagni í innra starfið.



Innritun tvístar á ári

Sviðsstjóra var í október falið að stofna starfshóp til að skoða kosti þess að innrita börn í grunnskóla oft en einu sinni ári.

Endurskoðuð félagsleg menntastefna

Ráðið samþykkti í september skýrslu starfshóps sem endurskoðaði félagslega menntastefnu Reykjavíkurborgar. Sviðsstjórum SFS og velferðarsviðs var jafnframt falið að mynda starfshóp til að skoða sértæka kennslufræðilega nálgun og ráðgjöf, innihald og umgjörð átaksverkefna sem Námsflokkar Reykjavíkur sinna.

Snjalltæki mikilvæg í skólapróun

Í október samþykkti ráðið tillögur starfshóps um notkun snjalltækja í skólastarfi. Meðal þess sem hópurinn lagði til var að meta notkun upplýsingatækni, styðja við símenntun skólafólks og endurskoða og efla samstarf við UTD. Jafnframt var áhersla lögð á að skapa svigrúm til að byggja upp þekkingu og miðla framsæknum fyrirmyndum, huga sérstaklega að jöfnuði nemenda varðandi aðgengi að búnaði og tryggja að þráðlaus net verði í senn öflug, örugg og nægilega opin til að nýtast í kennslufræðilegu samhengi. Þá var samþykkt að skoða hvernig nýta megi upplýsingatækni í leikskólastarfi.

Aukið vægi starfs-, list- og verknáms

Ráðið samþykkti í október að stofna starfshóp sem hefði það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig megi auka vægi starfs-, list- og verknáms í grunnskólum borgarinnar. Skoðaðir verði möguleikar á samstarfi við verkmenntaskóla, listaskóla, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið og aðra sem málið snertir.

Börn án kennitölu fá leikskólavist

Ráðið lýsti á fundi sínum 5. nóvember yfir eindregnum vilja til að bjóða þeim börnum leikskólapjónustu sem eru án kennitölu eða óskráð í þjóðskrá. Í kjölfarið var reglum skóla- og frístundasviðs um leikskólapjónustu og dagvist breytt og tóku þessar breytingar gildi í upphafi árs 2015. Þessar breytingar komu m.a. til vegna ábendinga frá umboðsmanni borgara en honum höfðu borist nokkrar tilkynningar er vörðuðu börn án kennitölu.

Nemendamiðað skólastarf

Í nóvember ákvað ráðið að stofna starfshóp sem hefði það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig auka mætti nemendamiðað skólastarf í grunnskólum borgarinnar.

Samstarf um lýðheilsu barna

Ráðið samþykkti í desember að leita eftir samstarfi við Embætti landlæknis og Landvernd um leiðir til að efla lýðheilsu barna, auka umhverfisvitund þeirra, minnka matarsóun og hagræða í rekstri mótuneyta skóla og frístundamiðstöðva með það að markmiði að hámarka næringargildi máltíða.

Um ofangreindar ákvarðanir ráðsins og aðrar er einnig fjallað um síðar í ársskýrslu.



Eftirlit

Eftirlit ráðsins fólst m.a. í fyrirspurnum, rannsóknum og könnunum sem kynntar voru fulltrúum og unnið úr í ráðinu, s.s. í stefnumörkun. Þannig fékk ráðið kynningu á niðurstöðum rannsókna í *Skólalóðunum*, s.s. um líðan nemenda, Pisa-niðurstöðum, lesskimunum og öðrum rannsóknum er taka til gæða skóla- og frístundastarfs. Þá var gerð greining á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í samstarfi við Námsmatsstofnun, Pisa-niðurstöðna og ýmissa úttekta á vegum sviðsins.

Ráðið fékk einnig kynningu á sértækum verkefnum, s.s. starfsemi Jafnréttisskóla, Náttúruskóla og annarra starfsstaða og fékk á sinn fund sérfræðinga á ýmsum sviðum mennta- og frístundamála. Þá lagði ráðið fram ýmsar tillögur um endurbætur og framkvæmdir á skólum og skólalóðum, endurnýjun búnaðar og annað viðhald. Það staðfesti samstarfssamninga, ráðningar nýrra stjórnenda, skóladagatal grunnskóla, starfsáætlanir sviðs, skóla og frístundamiðstöðva, samstarfsáætlanir skóla og nauðsynlegar breytingar á reglum um þjónustu sviðsins. Þá fylgdist ráðið með gerð kjarasamninga við kennara, fjármálum sviðsins, innleiðingu aðalnámskrár í leik- og grunnskóla og annarra samþykktara stefnumiða fræðsluyfirvalda.



Samráð við stjórnendur

Mánaðarlega komu stjórnendur starfsstaða saman til fundar með fagstjórnendum á skrifstofu sviðsins og ræddu fagstarfið, starfsmannamál, stefnumarkandi ákvarðanir og framkvæmd þeirra. Einnig kom samráð leikskólastjóra, skólastjóra og 24 manna samráðshópur frístundamála saman sex sinnum á árinu. Í faglegu samráði sátu fulltrúar stjórnenda, faglegur stjórnandi á skrifstofu og fulltrúi mannauðseildar.

Markmið þessa samráðs er að vera faglegur vettvangur fyrir umræður og upplýsingamiðlun svo og að fá viðbrögð á hin ýmsu mál.

Samráð leikskólastjóra

Margrét Elíasdóttir, Árbær /Grafarholt,
Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, Breiðholt,
Valborg Guðlaugsdóttir, Grafarvogur,
Dagrún Ársælsdóttir, Laugardalur og Háaleiti,
Gerður Sif Hauksdóttir, Miðborg og Hlíðar,
Sigrún Birgisdóttir, Vesturbær.

Samráð skólastjóra

Þorsteinn Sæberg, Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur,
Kristín Jóhannesdóttir, Breiðholt,
Jóhanna S. Vilbergisdóttir, Grafarvogur og Kjalarnes,
Erla Gunnarsdóttir, Miðborg og Hlíðar,
Jónína Ó. Emilsdóttir, Laugardalur og Háaleiti,
Örn Halldórsson/Sesselja Ingibjörg Józefsdóttir, Vesturbær,
Guðlaug E. Gunnarsdóttir, formaður Félags skólastjórnenda í Reykjavík.

Samráðshópur frístundamiðstöðva

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Frostaskjól,
Dagbjört Ásbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Kamps,
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kringlumýri,
Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri Miðbergs,
Jóhannes Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Ársels,
Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar.





Dagforeldrar

Dagforeldrar voru 212 á árinu 2014. Þann 1. október 2014 voru 706 börn skráð hjá dagforeldrum, flest fædd á árinu 2013 eða 640.

Framlag borgarinnar vegna barna hjá dagforeldrum var óbreytt á árinu svo og reglur um þjónustu dagforeldra.

Starfshópur um starfsumhverfi dagforeldra var skipaður á árinu og skilar skýrslu á árinu 2015.


Námskeiðsdagur dagforeldra

Árlegur námskeiðsdagur reykvískra dagforeldra var haldinn 14. mars og sóttu hann 130 manns. Erindi voru haldin um tengslamyndun ungra barna og öryggi í umhverfi þeirra. Einnig var fjallað um gildi jákvæðrar sálfræði í daglegu starfi.

Almenn ánægja með þjónustu dagforeldra

93% foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra í borginni eru ánægð með hana og mælist ánægja þeirra heldur meiri en undanfarin ár. Þetta kom fram í könnun sviðsins sem birt var í nóvember. Foreldrar voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með ýmsa þætti sem sneru að daggæslunni. Fram kom almenn ánægja með aðlögun barns, fæði, samskipti við dagforeldra og upplýsingamiðlun, eða um 90%. Líkt og í fyrri könnunum eru foreldrar helst óánægðir með kostnað við þjónustu dagforeldra. Einungis 38% foreldra fannst hann vera sanngjarn.

Fjöldi dagforeldra og barna 1997-2014





Leikskólar

Þann 1. október 2014 dvöldu 6.003 börn í leikskólum borgarinnar og 978 börn í 18 sjálfstætt starfandi leikskólum og 21 barn í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur. Heildarfjöldi leikskólabarna í borginni var 7.002.

Starfsáætlun

Í starfsáætlun var lögð áhersla á að innleiða læsisstefnu leikskóla, *Lesið í leik*, og að veita leikskólastarfsfólki stuðning og fræðslu um læsi í leikskólastarfi. Þá var lögð áhersla á samstarf leik- og grunnskóla með verkefni er tengjast málþroska og læsi barna á mörkum skólastiga.

43 leikskólar Reykjavíkurborgar skiluðu inn áætlunum um framkvæmd læsisstefnu leikskóla, með starfsáætlunum fyrir 2014-2015 og 6 sjálfstætt starfandi leikskólar.

Á árinu var gerð könnun á því hvernig leikskólar vinna með fjölmennningarlegt leikskólastarf og hvernig þeir nýta ráðgjöf og þjónustu frá skrifstofu SFS. Jafnframt var gerð könnun á því hvaða leikskólar eru með verkefni tengd auknu lýðræði og jafnrétti í starfsháttum.

Þróunarverkefnið *Skína smástjörnur* hefur staðið yfir frá árinu 2012 en þar vinna leikskólarnir Bjartahlíð, Hálsaskógur, Langholt og Laugasól að auknum gæðum í starfi með yngstu leikskólabörnunum.

Leikskólinn Laufskálar hóf á árinu samstarf við *Theatre and Performings Arts* í Edinborg um menningar- og leiklistarstarf með ungum börnum. Í tengslum við samstarfið kom Rohna Mateson til landsins til að koma á persónulegum tengslum við leikskólann. Í heimsókninni kynnti hún starfsemi *Starcatcher* og var jafnframt með fræðslu fyrir starfsfólk leikskólans.

Leikskólaskrifstofa lagði áherslu á að styðja leikskóla við að tileinka sér fjölbreyttar leiðir við mat á námi og velferð barna þar sem mikil áhersla er á þátttöku, frumkvæði og sköpun barna. Á árinu var mikil ásókn í fræðslu hvað þetta varðar.

Á árinu var farið í átak vegna áætlunar um skjalavistun leikskóla auk þess sem áfram var haldið við að þróa faglega hluta í innritunarkerfinu *Völu*.

Ytra mat á leikskólum

Í september 2013 var stofnaður starfshópur til að setja fram tillögur að matsramma og matsferli fyrir ytra mat á leikskólum. Hlutverk hópsins var m.a. að hanna viðmið sem stuðst er við í ytra mati á leikskólum og nýst geta leikskólum við innra mat þeirra.

Eins og fram kemur í bæklingi sem sviðið gaf út er megintilgangur mats á leikskólum;

- Að auka gæði leikskólastarfs og styrkja innviði leikskóla með því að draga fram styrkleika og benda á tækifæri til umbóta.
- Að veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði leikskólastarfsins og hvernig leikskólar framfylgja lögum, reglugerðum, aðalnámskrá leikskóla og stefnu borgarinnar í menntamálum.

Lögð er áhersla á að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betri leikskóla.

Vorið 2013 fór fyrsti leikskólinn í ytra mat og á árinu 2013-2014 voru metnir tíu leikskólar. Áætlað er að meta a.m.k. tíu leikskóla á árinu 2015-2016.

Þróunarverkefni

Unnið var að verkefninu *Okkar mál* en meginmarkmið þess er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Samstarfsaðilar eru auk sviðsins Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi Menntavísindasviði HÍ og Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Innleiðing nýrrar læsisstefnu

Haldnir voru fjölmargir fundir um læsi leikskólabarna, m.a. á starfsdögum leikskóla, í hverfum og á fræðslumorgnum sem sviðið stóð fyrir.

Skiptinemi

Á haustmánuðum tók verkefnastjóri fjölmennningar í leikskólum á móti Erasmus- skiptinema frá Dortmund í Þýskalandi í tveggja mánaða starfsnám. Neminn var í meistaranámi í leikskólakennarafræðum með áherslu á fjölmenningarlegt starf. Hann fylgdi verkefnastjóra eftir í starfsnámi sínu og starfaði tímabundið í leikskólunum Ösp og Hólaborg, fylgdi pólsku-mælandi stuðningi í leikskólum, heimsótti Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og fylgdist með verkefnastjóra fjölmennningar á Borgarbókasafni. Með þessu tókst að veita góða innsýn í ýmis fjölmennningarverkefni á vegum borgarinnar.

Menningarmót – fljúgandi teppi

Kristín R. Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar á Borgarbókasafni, var í samstarfi við leikskólaskrifstofu um að vinna leiðbeiningar um framkvæmd og útfærslu *Menningarmóta* fyrir kennara, í skóla- og frístundastarfi. Vefur sem miðlar þeirri hugmyndafræði og verkefnum var opnaður í byrjun árs 2015, www.tungumalatorg/menningarmot.



„Ég bara læraði það sjálfur“

Hátt í þrjú hundruð starfsmenn leikskólanna sátu ráðstefnu um mat á námi og velferð barna sem haldin var 5. febrúar á Hilton Nordica hotel. Flutt voru erindi og boðið upp á umræður og skemmtan.

Stóri leikskóladagurinn

Stóri leikskóladagurinn var haldinn í sjötta sinn þann 23. maí í Ráðhúsi Reykjavíkur og lðnó. Í Ráðhúsinu voru settir upp 33 kynningarbásar um fjölbreytilegt leikskólastarf og í lðnó var boðið upp á fyrirlestra. Gestasveitarfélag að þessu sinni var Árborg. Þessi viðburður var fjölsóttur og tókst í alla staði mjög vel.

Húsnæði og lóðir

Á árinu var tekið í notkun viðbótarhúsnæði við leikskólann Steinhlið sem felur í sér 24 barna fjölgun í skólanum. Einnig voru gerðar endurbætur og breytingar á leikskólanum Kvistaborg bæði í tengslum við mótuneyti og eina af deildum leikskólans.

Ein leikskólalóð var endurgerð á árinu, lóð leikskólans Stakkaborgar sem var endurgerð í heild sinni.



Erlendir gestir

Leikskólahluti fagskrifstofu tók á móti nokkrum hópum erlendra gesta og kynnti þeim fagstarf á sviðinu. Meðal þeirra voru gestir frá Spáni, gestir frá fjórum löndum sem voru þátttakendur í Erasmus-verkefni og hópur frá Dortmund í Þýskalandi. Auk þess fór fram kynning á sviðinu fyrir hóp fræðimanna frá Ástralíu og Nýja Sjálandi sem voru í heimsókn á vegum Menntavísindasviðs HÍ.

Námskeiðsdagur

Námskeiðsdagur leikskólastjóra fór fram 12. júní þar sem sveitarfélagið Árborg var sótt heim. Leikskólar Selfossbæjar voru skoðaðir og leikskólastjórar fengu kynningu á fræðslusviði og skólastarfi Árborgar. Að því loknu var farið á Eyrarbakka þar sem Linda Ásdísardóttir safnvörður kynnti sögu Hússins og Eyrún Ingadóttir sagði sögu ljósmóðurinnar Þórdísar Símonardóttur. Deginum lauk með léttum veitingum í Rauða húsinu.

Nýir skólastjórnendur

Nokkrar breytingar urðu í leikskólastjórarahópnum en á árinu létu sex leikskólastjórar af störfum. Það voru þær Guðrún María Harðardóttir í Grandaborg, Inga Dóra Jónsdóttir í Hálsaskógi, Sigríður Sigurðardóttir í Hagaborg, Ingibjörg E. Jónsdóttir á Bakkabergi, Helga Alexandersdóttir í Laugasól og Ragnheiður Halldórsdóttir í Miðborg. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir áratuga farsælt starf.

Nokkur endurnýjun varð í leikskólastjórarahópnum auk þess sem leikskólastjórar færðu sig um set; Guðný Sigríður Hallgrímsdóttir var fastráðin leikskólastjóri í leikskólanum Hraunborg en hún hafði áður sinnt starfinu í tímabundinni afleysingu.

Helena Jónsdóttir var ráðin leikskólastjóri í Grandaborg.

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir tók við stjórn í leikskólanum Hálsaskógi.

Ólafur Brynjar Bjarkason var ráðinn leikskólastjóri í Hagaborg.

Pála Pálsdóttir var fastráðin leikskólastjóri við Hólaborg en hún hafði áður sinnt starfinu í tímabundinni ráðningu.

Helga Ingvadóttir tók við stjórn í leikskólanum Laugasól en hún hafði áður verið leikskólastjóri í Brákarborg.

Sólrun Óskarsdóttir tók við stjórn í Brákarborg.

Edda Margrét Jensdóttir var ráðin leikskólastjóri í Bakkabergi

Kristín Einarsdóttir var ráðin leikskólastjóri í Miðborg en hún starfaði áður sem leikskólastjóri í Garðaborg.

Afmæli leikskóla

Nokkrir leikskólar fögnuðu stórafmæli á árinu. Geislabaugur varð 10 ára á árinu, fjórir leikskólar Sólborg, Engjaborg, Hraunborg og Rauðaborg urðu 20 ára og Austurborg fagnaði 40 ára afmæli.



Grunnskólar

1. október 2014 voru 13.607 nemendur í almennum grunnskólum og 639 nemendur í sjálfstætt starfandi grunnskólum, þar með taldir 5 ára nemendur. Í sérskólum voru 146 nemendur. Alls voru grunnskólanemendur því 14.392 og hafði þeim fjölgað um tæpa 100 nemendur á milli ára.

Skólaárið 2014-2015 voru 36 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg, þar af 2 sérskólar, 2 samreknir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili og 3 samreknir grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi grunnskólar voru 7.

Starfsáætlun

Í byrjun árs var ráðinn í tímabundna stöðu kennsluráðgjafi í fjölmenningu og íslensku sem öðru máli.

Málkönnunarprófið *Milli mála* var lagt fyrir rúmlega 1.400 nemendur. Unnið var úr niðurstöðum þess og er áætlað að kynningu á þeim í hverjum skóla ljúki á vormánuðum 2015.

Unnið var að tveggja ára tilraunaverkefni í 1. og 2. bekk í Fellaskóla sem hófst haustið 2012, þar sem skóladagur var lengdur úr 30 í 34 kennslustundir á viku, með stórauðinni áherslu á málþroska og læsi, hvetjandi námsumhverfi, félagsfærni og samskipti.

Starfshópur um aukinn árangur nemenda í grunnskólum var settur á laggirnar og skilaði áfangaskýrslu. Hann hélt áfram störfum á árinu 2015.

Ráðinn var verkefnisstjóri í tímabundið starf til að sinna auknum áherslum sviðsins á notkun upplýsingatækni í starfi leikskóla, grunnskóla og frístundar. Tillögum úr skýrslu um snjalltæki í skólastarfi var skilað til skóla- og frístundaráðs í október.

Starfshópur kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar um almenna sérkennsluúthlutun til borgarrekinnna grunnskóla fór af stað á vorönn. Markmiðið var að greina nýtingu úthlutaðs fjármagns til almennrar sérkennslu út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar. Spurningakönnun var á haustönn send út til skólanna um framkvæmd almennrar sérkennslu og úrvinnsla niðurstaðna lá fyrir í byrjun árs 2015.



Framkvæmdir við skóla

153 milljónum króna var á árinu varið til viðhalds og endurbóta á húsnæði, búnaði og skólalóð Breiðholtsskóla en endurbótum var frestað í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Nokkrar framkvæmdir voru einnig við Vesturbæjarskóla og hafist var handa við að hanna nýja viðbyggingu við skólann vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda. Tímabundinn húsnæðisvandi skólans var leystur með því að breyta gömlu húsi við Hringbraut 116-118 í kennsluhúsnæði og vinnurými fyrir kennara. Samhliða voru gerðar betrubætur á húsnæði fyrir frístundastarf að Vesturvallagötu og ein færanleg kennslustofa, til viðbótar þeim þremur sem fyrir voru, var flutt að skólanum.

Skólalóðir endurbættar

Gerðar voru endurbætur á lóðum sjö grunnskóla og eins leikskóla í borginni á árinu fyrir um 350 milljónir króna. Þetta voru lóðir Árbæjarskóla, Breiðholtsskóla, Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla, Ölduselsskóla, Melaskóla og leikskólans Stakka-borgar. Þá voru lagðir sparkvellar við Melaskóla og gert boltagerði við Kelduskóla.

Biophilia

Biophilia kennsluverkefnið, sem varð til í samstarfi Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarkonu, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands árið 2011, fékk nýja vængi á árinu. Verkefnið byggist á því að nota sköpun sem menntunar- og rannsóknaraðferð þar sem náttúruvísindi, tónlist og tækni eru tengd saman á nýstárlegan hátt. Eitt kennaranámskeið var haldið á árinu og fjölmargir grunnskólar buðu nemendum sínum upp á tónvísindasmiðjur. Rýnihópur kennara með reynslu af verkefninu kom saman og sýndu niðurstöður umræðna almenna ánægju þeirra, sérstaklega með hina þverfaglegu nálgun og lifandi kennsluhætti. Með aukinni spjaldtölvueign grunnskólanna fengu skólar frelsi til að stýra verkefninu á skapandi hátt.

Á árinu var Biophilíu-verkefnið valið eitt af formennskuverkefnum Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Reykjavík er í forystu í norræna verkefninu og miðlar af reynslu sinni. Verkefnastjóri barnamennningar hjá Reykjavíkurborg er formaður íslenska stýrihópsins.



Ytra mat á grunnskólum

Á vorönn 2014 fór fram endurskoðun á framkvæmd heildarmats/ytra mats í grunnskólum. Viðmið um gæði grunnskólastarfs, sem mótuð voru árið 2012 í samstarfi sviðsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, voru yfirfarin út frá stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar og notuð við matið. Hafinn er annar matshringur í grunnskólunum og fór ytra mat fram í Hólabrekkuskóla og Vesturbæjarskóla á haustönninni. Skólarnir voru metnir út frá viðmiðum um gæði sem birt eru á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

Þátttökubekkur í Húsaskóla

Í upphafi skólaárs 2014-2015 tók til starfa nýr þátttökubekkur undir stjórn Brúarskóla í Húsaskóla í Grafarvogi og ber hann heitið *Brúarhús*. Þetta er annar þátttökubekkurinn frá Brúarskóla en fyrir var þátttökubekkur við Seljaskóla í Breiðholti, *Brúarsel*. Þátttökubekkirnir eru fyrir nemendur á miðstigi.

Afmæli skóla

Brúarskóli fagnaði 10 ára afmæli á árinu
Hólabrekkuskóli fagnaði 40 ára afmæli.

Nýir skólastjórnendur

Anna Bergsdóttir var í maí ráðin skólastjóri við Hamraskóla í Grafarvogi.

Erlendir gestir

Nokkrir hópar erlendra gesta óskuðu eftir kynningu á starfi skóla- og frístundasviðs. Meðal þeirra var hópur skólasafna-kennara frá Ungverjalandi, hópur kennara frá Stavanger í Noregi, starfsfólk skólaskrifstofu í Jönköping í Svíþjóð og skóla- og menningarfulltrúar frá Norður-Mæri í Noregi. Þá heimsótti sviðið formaður nefndar um leiðir til að efla leikskólastarf í Kenía, svo og mannréttindafulltrúar frá Tékklandi.

Mötuneyti

Á vormisserinu var tekið fyrsta skrefið að því að innleiða þjónustustaðal í skólamötuneytum borgarinnar. Markmiðið var að tryggja sambærileg gæði á innkeyptu hráefni allra mótuneyta í hverju hverfi og bjóða upp á næringarútreiknaða matseðla í samræmi við ráðleggingar Embættis landslæknis. Innleiðing þessa verkefnis hófst á vormisseri í Grafarvogi og á Kjalarnesi, en síðar á árinu var byrjað að innleiða samræmda þjónustustaðla í Háaleiti og Laugardal. Í árslok voru 5 skólar farnir að birta næringarútreiknaða matseðla til að foreldrar gætu betur áttað sig á samsetningu hvernar máltíðar sem keypt er í mataráskrift. Með þessum breytingum má betur áætla hráefnismagn til innkaupa í hverju hverfi og og ná fram hagræði. Þá var unnið að því að setja saman gagnagrunn með uppskriftum og matseðlum sem uppfylla orku- og næringarþörf barna miðað við aldur. Áætlað er að klára innleiðingu þessa verkefnis á árinu 2015 og hefja jafnframt innleiðingu í leikskólum.

Samkvæmt þjónustukönnunum voru 68% foreldra ánægðir með mótuneyti grunnskólanna þar sem um 12.000 börn voru í mataráskrift, en 81% ánægðir með mótuneyti leikskólanna þar sem 6.000 börn fengu allt að fimm máltíðir á dag. Á frístundaheimilunum fengu um 3.000 börn millimáltið.



- 8 milljónir matarskammtar eru útbúnir í mótuneytum SFS á hverju skólaári í 139 mótuneytum. Þau veita um 18.000 börnum á aldrinum 1 -16 ára matarþjónustu
- Leikskólabörn fá um 70% af daglegri næringarþörf í leikskólum borgarinnar.
- Grunnskólabörn sem eru eingöngu í hádegismat fá um 33% af daglegri næringarþörf í skólanum.
- Grunnskólabörn sem eru í hádegismat og fá síðdegisnesti fá um 50% af daglegri næringarþörf í skólanum.
- Um 12.000 grunnskólabörn eru í mataráskrift, mótuneytin starfa í 176 daga á skólaárinu.
- Um 6.000 leikskólabörn eru í mataráskrift, mótuneytin starfa í 224 daga á skólaárinu.

Framhaldsskólaáfangar:

Vorið 2014 stunduðu 214 nemendur í 10. bekk nám í framhaldsskóla samhliða grunnskólanámi og 24 nemendur úr 9. bekk. Flestir þessara nemenda voru í Foldaskóla og Vættaskóla og luku framhaldsskólaáföngum í Borgarholtsskóla.



Frístundamiðstöðvar

Þann 1. október 2014 voru 6 frístundamiðstöðvar reknar af Reykjavíkurborg. Þær höfðu umsjón með 37 frístundaheimilum, 6 frístundaklúbbum og 21 félagsmiðstöð. Til viðbótar voru 5 frístundaheimili og 1 félagsmiðstöð rekin af grunnskólum. Alls voru 4.140 börn skráð á frístundaheimili og frístundaklúbba fyrir fatlaða. Hátt í 200 þúsund heimsóknir 10-16 ára barna voru skráðar í félagsmiðstöðvarnar.

Í skólabyrjun bárust rúmlega 4.000 umsóknir um frístundaheimili og hafa þær aldrei verið fleiri. Frá því að grunnskólarnir tóku til starfa 22. ágúst bárust 414 nýjar umsóknir en spár höfðu gert ráð fyrir því að um 3.860 börn yrðu á frístundaheimilunum. Vel gekk að manna frístundaheimilin og höfðu öll börn verið tekin inn upp úr miðjum september.

Starfsáætlun

Vinnu við nýja starfsskrá frístundamiðstöðva SFS lauk á árinu þar sem áhersla var lögð á sjálfsmynd, félagshæfni, umhyggju og virka þátttöku sem lykilfærniþætti í frístundastarfi.

Þróunarverkefni um tómstundamenntun var unnið af frístundaráðgjöfum Breiðholti í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Starfshópur um þróun viðmiða um gæði í frístundastarfi skilaði skýrslu og tillögum og sendi til umsagnar hjá hagsmunaaðilum.

Markmið gæðamats er að styðja við gott starf, draga fram styrkleika og veikleika svo hægt sé að vinna að umbótum. Tilraunir voru gerðar með að nota viðmiðin og vísbendingar um gæði frístundastarfs til að meta eitt frístundaheimili og eina félagsmiðstöð.



Unnið var að því að auka samstarf við menningarstofnanir borgarinnar og þátttöku barna og unglunga í skapandi verkefnum með stuðningi við frístundaráðgjafa og list- og verkgreinakennara.

Unnið var að innleiðingu stefnu um frítímaþjónustu fyrir fötlud börn og unglunga.

Ný frístundagátt í Mentor- upplýsingakerfinu var innleidd með það að markmiði að bæta upplýsingaflæði til foreldra um frístundastarf fyrir milligöngu forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Unnið var með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindamál í frístundastarfinu með það að markmiði að börn og unglingar þekki réttindi sín og skyldur.

Unglingum líður vel í félagsmiðstöðvarstarfi

Ánægja og líðan unglunga í félagsmiðstöðvum borgarinnar mældist almennt góð í könnun á vegum sviðsins. Yfir 90% barna og unglunga töldu sig örugg í starfinu. Þá var mikil ánægja með samskipti við starfsfólk og telja unglingar það vera góðar fyrirmyndir.

Vetrarfrí

Í vetrarfríunum að vori og hausti buðu frístundamiðstöðvarnar upp á fjölbreytta fjölskyldudagskrá með leikjum, kaffihúsi, vinnusmiðjum og tónlist. Einnig buðu menningarstofnanir fjölskyldum grunnskólabarna frítt inn á sýningar og ókeypis var í sund fyrir grunnskólabörn og fjölskyldur þeirra á ákveðnum tímum alla frídagana.

Hvað eru unglingar með á heilanum?

Miðvikudaginn 5. nóvember var *Félagsmiðstöðvadaðurinn* haldinn hátíðlegur. Markmið hans er að vekja athygli á því kraftmikla starfi sem fer fram í félagsmiðstöðvunum og bjóða gestum og gangandi að kynnst því af eigin raun. *Hvað eru unglingar með á heilanum?* var yfirskrift dagsins að þessu sinni.

Safnfrístund nemenda í 3. og 4. bekk í Seljahverfi

Fjórða safnfrístundaheimilið fyrir 3. og 4. bekk í borginni tók til starfa í Hólmaseli fyrir börn úr Seljaskóla og Ölduselsskóla og hlaut nafnið *Regnboginn*. Önnur safnfrístundaheimili eru Frostheimar í Vesturbæ, Dalheimar í Laugardal og Hraunheimar í Efra-Breiðholti.

Nýtt húsnæði og ný nöfn

Á árinu voru boðnar út framkvæmdir við frístundaheimilið Vogasel við Vogaskóla. Gert er ráð fyrir allt að 110 börn geti stundað þar óformlegt nám í frístundastarfi. Frístundaheimilið verður 342 fermetrar og er steinsteypt á einni hæð. Áætluð verklok eru í lok árs 2015. Heildarkostnaður er áætlaður um 165 milljónir króna.

Frístundaheimilið Vík í Kelduskóla-Vík fékk á árinu nýtt nafn, *Galdraslóð*.

Spennistöðin tók til starfa

Mikið var um dýrðir í *Spennistöðinni* við Austurbæjarskóla þegar ný félags- og menningarmiðstöð var opnuð þar í desember að viðstöddu fjölmenni. *Spennistöðin* verður jafnframt nýtt sem fjölnota rými í skóla- og frístundastarfinu. Húsráð er ráðgefandi um reksturinn og skipuleggur notkun hússins þann tíma sem ekki er nýttur fyrir skólastarf og félagsmiðstöðvarstarf. Húsráðið er skipað fulltrúum þeirra sem komið hafa að uppbyggingu og mótun starfsemi í *Spennistöðinni*; kennara, nemenda og foreldrasamtaka Austurbæjarskóla, Kamps og Íbúasamtaka Miðborgar

Skrekkur


Seljaskóli sigraði í *Skrekk*, hæfileikakeppni grunnskólanna á æsipennandi úrslitakvöldi í Borgarleikhúsinu í nóvember. Í öðru sæti var Hlíðaskóli og Langholtsskóli í því þriðja. Þetta var í annað sinn að Seljaskóli sigraði keppnina.

Réttindaganga

Í nóvember fóru börn af frístundaheimilum víðs vegar um borgina í réttindagöngu í tilefni af 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Fjöldi barna á frístundaheimilum í Reykjavík haustið 2014



Skóla- og frístundastarf án aðgreiningar

Í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi er unnið samkvæmt hugmyndafræði skóla- og frístundastarfs án aðgreiningar. Á árinu 2014 voru haldin námskeið fyrir stjórnendur í grunnskólum vegna innleiðingar nýrrar aðalnámskrár. Þar var m.a. fjallað um stefnu um skóla án aðgreiningar og hvernig hún birtist í skólanámskrám. Starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila var boðið upp á fyrirlestur Emblu Guðrúnar- og Ágústsdóttur og Guðrúnar Hjartardóttur sem bar yfirskriftina *Af hverju er barnið mitt ekki úti að éta sand?* Í fyrirlestrinum fjölluðu þær mæðgur um reynslu sína af skóla-göngu fatlaðs nemanda í almennum skóla frá sjónarhorni foreldris og nemandans sjálfs.

Á vormisseri skiluðu grunnskólar í fyrsta sinn inn heildaráætlunum til fagskrifstofu SFS um þann stuðning sem þeir veita og hyggjast veita fötluðum nemendum og nemendum með alvarlegar raskanir. Markmið slíkra áætlana er að gera þennan þátt skólustarfsins markvissari, skýrari og aðgengilegri fyrir allt skólasamfélagið; starfsfólk, foreldra og nemendur. Áætlunin er að skólar skili árlega inn slíkum áætlunum svo taka megi tillit til þeirra við úthlutun fjármagns til stuðnings.

Verkefnastjórar stuðnings og sérkennslu í leik-, grunn- og frístundahluta fagskrifstofu héldu á árinu áfram að vinna saman ýmis mál er varða börn og nemendur. Meðal annars var gengið til frekara samstarfs við deildarstjóra skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum.

Ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur við Háaleitisskóla

Ný sérdeild fyrir einhverfa nemendur tók til starfa í upphafi skólaárs við Háaleitisskóla og er hún sú fimmta við grunnskóla í Reykjavík. Deildinni er ætlað að þjóna níu nemendum þegar hún verður fullsetin.

Fjölmennning

Ný stefna um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf í skólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar var samþykkt í maí og stóðu allir flokkar einhuga að henni. Meginstoðir hennar eru þrjár: Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf.

Við innleiðingu stefnunnar á að horfa til raunverulegra þarfa á stuðningi við íslenskunám barna og ungmenna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, byggt á málkönnunarprófinu *Milli mála*. Styðja á betur við móðurmál barna og ungmenna með því að koma á fót teymi farkennara með góða þekkingu á íslensku og helstu tungumálunum sem töluð eru af börnum og ungmennum í Reykjavík og styrkja þar með námslega og félagslega stöðu þeirra.

Í nýju stefnunni er einnig lagt til að upplýsingamiðlun til erlendra foreldra verði eflað og að allar upplýsingar sviðsins verði jafnframt þýddar á ensku og pólsku. Einnig að gerður verði samningur við samtökin *Móðurmál* um móðurmálskennslu tvítyngdra barna í húsnaði SFS og að kennarar á vegum samtakanna miðli þekkingu sinni um mikilvægi móðurmáls til barna, foreldra og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Móðurmálskennsla

Í ágúst skipaði skóla- og frístundaráð starfshóp undir forystu Sabine Leskopf til að leggja mat á þörfina fyrir móðurmálskennslu barna af erlendum uppruna, faglegar kröfur og menntun kennara, námskrá og viðurkenningu á náminu. Honum var m.a. falið að leggja fram tillögu að áætlun um móðurmálskennslu í algengustu tungumálunum í grunnskólum borgarinnar. Hópurinn mun hafa samráð eftir þörfum við fagfélög grunnskólakennara og skólastjóra og frjáls félagasamtök á þessu sviði.



Fjöldi barna í sérhæfðum sérdeildum og sérskólum í Reykjavík

Fjöldi grunnskólanemenda í sérhæfðum sérdeildum frá 2010 - 2014

	2010	2011	2012	2013	2014
Foldaskóli – fardeild fyrir börn með atferlisvanda ¹	29	33	33	33	37
Hliðaskóli – táknmálssvið	17	17	13	15	15
Fellaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur	9	6	9	9	8
Foldaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ²	0	0	8	9	9
Háaleitisskóli - Hvassaleiti – deild fyrir einhverfa nemendur ³	0	0	0	0	3
Langholtsskóli - deild fyrir einhverfa nemendur	9	8	9	9	8
Vogaskóli – deild fyrir einhverfa nemendur ³	0	4	6	6	6
Samtals nemendur í sérhæfðum sérdeildum	64	68	78	81	86

1 Fardeild sinnir málefnum nemenda í mörgum skólum

2 Deild fyrir einhverfa nemendur í Hamraskóla var flutt í Foldaskóla haustið 2012

3 Deild fyrir einhverfa nemendur í Háaleitisskóla-Hvassaleiti tók til starfa haustið 2014

4 Deild fyrir einhverfa nemendur í Vogaskóla tók til starfa haustið 2011

Fjöldi grunnskólanemenda í sérhæfðum sérdeildum frá 2010 - 2014


	2010	2011	2012	2013	2014
Brúarskóli ¹	35	49	34	31	33
Klettaskóli ³	0	94	96	107	113
Safamýrarskóli ²	13	0	0	0	0
Óskjuhlíðarskóli ²	83	0	0	0	0
Samtals nemendur í sérskólum	126	143	143	130	138

1 Á vegum Brúarskóla eru einnig nemendur í Brúarhúsi, Brúarseli, Dalbraut og Stuðlum.

2 Safamýrarskóli og Óskjuhlíðarskóli voru sameinaðir í einn skóla, Klettaskóla, haustið 2011

3 Klettaskóli sér einnig um þátttökubekk í Árbæjarskóla

Fjöldi barna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjavíkurborgar eftir hverfum 2014



Þverfagleg verkefni

Vinsamlegt samfélag

Markmið verkefnisins *Vinsamlegt samfélag* er að vinna gegn einelti í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Megináhersla er á fræðslufundi, ráðstefnur og vefmiðlun, auk þess sem unnið er að þróunarverkefni í samstarfi við Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor við Menntavísindasvið HÍ. Í tengslum við *Dag gegn einelti* hefur verið unnið í samstarfi við fagráð eineltismála í grunnskólum.

Menningarfáninn

Menningarfáni Reykjavíkurborgar er þróunarverkefni sem hvetur til menningarstarfsemi á leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum. Fáninn var veittur í annað sinn á Barnamenningarhátíð 2014, að þessu sinni til leikskólans Laufásborgar.

Náttúruskóli Reykjavíkur

Á vegum Náttúruskólans störfuðu þrjú teymi leikskólakennara í útinámi. Í þeim voru leikskólakennarar víðs vegar að úr borginni og eiga þeir það allir sameiginlegt að vera áhugasamir um útinám og hafa aflað sér reynslu og þekkingar á því. Hóparnir hittust reglulega yfir skólaárið, deildu hugmyndum og kennsluverkefnum, miðluðu reynslu sinni og þekkingu og styrktu þannig hvern og einn þátttakanda til frekari afreka í útinámi.

Grenndarsvæði

Í apríl lauk endurskoðun allra grenndarsamninga milli Reykjavíkurborgar og leik- og grunnskóla. Þann 30. apríl voru undirritaðir í ráðhúsinu 29 samningar um útinám á opnum svæðum í nágrenni skólanna. Svæðin sem samningarnir ná til eru jafn ólík og þau eru mörg, þeirra á meðal eru fjörusvæði, skógarljóður, klapparholt og lystigarður. Grenndarsvæðin eru samstarfsverkefni Náttúruskóla Reykjavíkur, verkefnisins *Lesið í skógin*, skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs. Markmið þeirra er að skapa vettvang fyrir umhverfismennt og útinám í nærumhverfi skóla og efla þannig tengsl barna og ungmenna við nærumhverfi sitt og græn svæði.



Grænar áherslur

Borgarráð samþykkti í mars að leggja grænar áherslur í orkunotkun allra leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í borginni. Samþykktin byggir á vinnu starfshóps sem m.a. hafði með höndum að skoða orkunotkun og orkunýtingu í leik- og grunnskólabyggingum og leggja til hugmyndir að bættri nýtingu, hagkvæmni og aukinni meðvitund um orkunotkun. Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, stýrði starfshópnum.

Jafnréttisskólinn

Jafnréttisskólinn stóð fyrir 24 vinnustofum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi á árinu. Flestar þeirra voru 2-3 tíma langar og fóru fram á starfsdögum skóla eða frístundamiðstöðva. Þar var meðal annars fjallað um kynjakerfið, staðalmyndir kynja og birtingamyndir þeirra í skólastarfi, starfsfólk sem fyrirmyndir, hinsegin málefni og birtingamyndir kynja í námsefni. Í lok hverrar vinnustofu voru þátttakendur beðnir um að meta gagnsemi hennar og fannst 98-99% þátttakenda hún gagnleg.

Verkefnastjóri skólans tók virkan þátt í vinnu starfshóps um líðan stelpna undir forystu Oddnýjar Sturludóttur á fyrri hluta ársins. Lauk þeirri vinnu með útgáfu skýrslunnar *Út fyrir boxið* og vinnustofum og málþingi með dr. Dönu Edell sem var afar vel sótt.

Þá var á haustmánuðum settur á laggirnar hópur starfsfólks SFS sem hefur sérstakan áhuga á jafnréttismálum. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði, sækir sér fræðslu um jafnréttismál og ræðir málín. Um tíu manns eru í hópnum.

Skólahljómsveitir

Í fjórum skólahljómsveitum sem Reykjavíkurborg rekur lærðu 430 nemendur á hljóðfæri á skólaárinu 2014-2015. Auk þess rak Reykjavíkurborg Tónlistarskólann á Klébergi þar sem á fjórða tug barna stunduðu nám. Þá voru gerðir þjónustusamningar við 18 tónlistarskóla um grunnnám og miðnám á hljóðfæri. Alls stunduðu 2.589 reykvískir nemendur tónlistarnám.

Verkfall tónlistarkennara

Tónlistarkennarar í Félagi tónlistarkennara boðuðu til verkfalls í haustmánuðum til að knýja fram bætt launakjör og stóð verkfall þeirra í fimm vikur. Tónlistarkennarar í Félagi íslenskra tónlistarmanna fóru ekki í verkfall. Eftir að kjarasamningar voru undirritaðir samþykkti borgarráð að skerða ekki framlög til tónlistarskólanna vegna verkfallsins en semja við skóla um hvernig bæta mætti nemendum upp þá kennslu sem þeir misstu. Þá voru þjónustusamningar við skólana uppreiknaðir með tilliti til nýrra kjarasamninga.



Skólahljómsveit æfir með Sinfó

Börn og ungmenni í Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts æfðu á haustdögum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Æfingin var hluti af stærra samstarfsverkefni Sinfóníunnar og skólahljómsveitarinnar sem hófst fyrr á árinu með tónleikum í Fylkishöllinni. Í desember lék elsta sveit skólahljómsveitarinnar á jólatónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni í Eldborg og ráðgerðir eru fleiri sameiginlegir tónleikar með öllum aldurshópum skólahljómsveitarinnar.

Fullorðinsfræðsla

Hjá Námsflokki Reykjavíkur stunduðu 184 manns nám á árinu, auk þess sem fjölmargir aðrir leituðu sér náms- og starfsráðgjafar í 2.010 viðtölum. Starfsmenn voru 10 auk 16 kennara sem störfuðu sem verktakar. Markmið starfseminnar var sem fyrr að veita einstaklingum tækifæri til að bæta við menntun sína, jafnt almenna sem sértæka, og bæta félagslega stöðu með aukinni menntun.

Starfshópur sem vann að endurskoðun félagslegrar menntastefnu Reykjavíkur lauk störfum í september 2014. Endurskoðuð stefna var samþykkt í borgarráði í október.

Í desember var skipaður starfshópur á vegum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs til að yfirfara samstarf vegna átaksverkefna sem Námsflokkarnir sinna, svo og fyrirkomulag náms- og starfsráðgjafar á þjónustumiðstöðvum.



75 ára afmælisfagnaður Námsflokka; Ragnar Þorsteinsson sviðsstjóri, lðunn Antonsdóttir forstöðumaður Námsflokka og Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs.

Helstu verkefni

Átaksverkefni, Grettistak, Karlasmíðja og Kvennasmiðja. Námskraftur og Starfskraftur, auk verkefna í Breiðholti sem eru liður í áttakinu Menntun núna.

75 ára afmæli Námsflokka

75 ára afmælis Námsflokka Reykjavíkur var fagnað á árinu með móttöku í húsaýðnum þeirra að Suðurlandsbraut. Námsflokkarnir voru stofnaðir 1939 og hefur markmið þeirra frá upphafi verið að veita fullorðnu fólki tækifæri til að bæta menntun sína, varðveita sveigjanleika óformlegs náms í samspili við festu formlegs náms annarra menntastofnana og að vinna samkvæmt félagslegri menntastefnu Reykjavíkur-borgar að því að auka lífsgæði og samfélagsþátttöku fólks í gegnum menntun.

Starfsmenn og starfspróun

Stjórnendafræðsla

Fjöldmörg námskeið voru í boði fyrir stjórnendur og starfsmenn á árinu. Framkvæmd stjórnendafræðslunnar var með sama sniði og undanfarin ár, þ.e. ýmis námskeið voru í boði fyrir sérhvern stjórnendahóp sem tók mið af þörfum og óskum hvers um sig. Þá voru einnig fjöldmörg námskeið í boði þvert á stjórnendahópa sviðsins og hefur þeim fjölgað, enda hefur verið almennt ánægja með þau og mikilvægt að miðla þekkingu á milli stjórnendahópanna.


Stjórnendafræðsla

Heiti/ Inntak	Leiðbeinandi	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtögin	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	27
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	27
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	27
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	27
Leiðtogaskólinn - Að stjóra fjölbreyttum starfsmannahópi	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Forstöðumenn frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundaklúbba	1	3	27
Leiðtogaskólinn - Forysta og leiðtögin	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Deildastjórar leikskóla	2	3	46
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS og Eyþór Eðvarsson, Þekkingarmiðlun	Deildastjórar leikskóla	2	3	46
Leiðtogaskólinn - Þáttökustjórnun	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Deildastjórar leikskóla	2	3	46
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS og Ingrid Kuhlman Þekkingarmiðlun	Deildastjórar leikskóla	2	3	46
Leiðtogaskólinn - Að stjóra fjölbreyttum starfsmannahópi	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Deildastjórar leikskóla	2	3	46
Leiðtogaskólinn - Leiðtöghlutverkið	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS	Sérkennslustjórar leikskóla	1	3	45
Leiðtogaskólinn - Ég sem leiðtogi	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS og Eyþór Eðvarsson, Þekkingarmiðlun	Sérkennslustjórar leikskóla	1	3	45
Leiðtogaskólinn - Endurgjöf	Ragnheiður Stefánsdóttir, SFS og Ingrid Kuhlman Þekkingarmiðlun	Sérkennslustjórar leikskóla	1	3	45
Leiðtogaskólinn - Verkefnastjórnun, fundir og teymisvinna	Laufey Ása Bjarnadóttir, AZAZO.	Sérkennslustjórar leikskóla	1	3	45
Leiðtögin í eigin lífi	Herdís Pála	Stjórnendur frístundamiðstöðva	1	3	50
Breytingastjórnun	Ingibjörg Gísladóttir	Stjórnendur hjá SFS	1	3	27
Forstöðumannavítamín	Ýmsir	Forstöðumenn frístundaheimila	4	2	80
Námskeið um Mastermind hópa	Helga Jóhanna Carpa Diem	Stjórnendur hjá SFS	1	2	45
Að stjórna með formerkjum jákvæðrar sálfræði	Guðrún Snorradóttir	Stjórnendur hjá SFS	1	3	30
Starfsþróunarsamtöl	Ragnheiður Stefánsdóttir og Guðrún Snorradóttir, SFS	Stjórnendur hjá SFS	2	3	52
Leiðbeiningarsamtöl	Guðrún Snorradóttir og Jóhanna Marteinsdóttir, SFS	Stjórnendur hjá SFS	1	3	50
Leiðtögin	John Morris, Ardleigh Green	Aðstoðarskólastjórar	1	15	34
Verkefnastjórnun	Laufey Ása Bjarnadóttir, AZAZO	Stjórnendur í grunnskólum	1	8	18
Samtals			32	84	931

Mastermind hópar

Stjórnendum var jafnframt boðið að taka þátt í svokölluðum *Mastermind* - hópum. Það eru jafningahópar þar sem stjórnendur veita hver öðrum stuðning við þau verkefni og áskoranir sem þeir eru að takast á við. Haldin voru námskeið fyrir stjórnendur um fyrirkomulag slíkra hópa en þeir höfðu sjálfir frumkvæði að því að stofna þá og stýra þeim. Um 40 stjórnendur tóku þátt í slíkri hópavinnu.

Stöðugildi á skóla- og frístundasviði í október árin 2011-2014



Önnur fræðsla

Ýmis námskeið voru í boði fyrir starfsmenn SFS og má þar sérstaklega nefna stór verkefni eins og Öskudagsráðstefnu, Stóra leikskóladaginn, Haustiðmiðjur og Höfuð í bleyti.

Önnur fræðsla

Heiti/ Inntak	Leiðbeinandi	Markhópur	Fjöldi námskeiða	Stundafjöldi	Fjöldi þátttakenda
"Ég bara læraði það sjálfur" Ráðstefna fyrir leikskólastarfsfólk	Ýmsir	Starfsfólk leikskóla	1	4	260
Stóri leikskóladagurinn	Ýmsir	Starfsfólk leikskóla	1	8	550
Námskeiðsdagur dagsforeldra	Ýmsir	Dagforeldrar	1	6	157
Öskudagsráðstefna	Ýmsir	Grunnskólakennarar og skólastjórnendur	1	4	650
Rabbkóld	Ýmsir	Starfsmenn í frístundastarfi	1	3	240
Höfuð í bleyti	Ýmsir	Stjórnendur og starfsfólk frístundamiðstöðva	1	3	125
Læsisstefna leikskóla	Ýmsir	Deildarstjórnar í leikskólum	2	2	60
Málþingiót Út fyrir boxið	Dana Edell, Þorsteinn V. Einarsson og Sigrún Danielsdóttir	Starfsmenn og stjórnendur SFS	1	3	100
Út fyrir boxið vinnustofur	Dana Edell	Starfsmenn og stjórnendur SFS	2	2	30
Fræðslufundur um jafnréttisáætlanir	Auður Magnús Auðardóttir og Amríður Aðalsteinsdóttir	Stjórnendur í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi	6	2	120
Fræðslufundur þroskajálfa í grunnskólum	Ýmsir	Þroskajálfar	1	3	25
Hagnýt námskeið í notkun Word og PPT	Guðrún Hjartardóttir, SFS	Grunnskólakennarar	2	5	16
Námsmat	Meyvant Þórólfsson og Ragnheiður Hermannsdóttir	Grunnskólakennarar	1	8	13
Viðtalstækni	Nanna Kristín Christiansen	Grunnskólakennarar	1	5	10
Ábyrgð nemenda á eigin námi	Ýmsir	Grunnskólakennarar	1	5	12
Verkfaerakista leiðtoga	Bo Kruger og Marianne Boye	Grunnskólakennarar	1	8	17
Spjaldtölvur á yngsta stigi	Rakel G. Magnúsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	1	10	36
Spjaldtölvur á unglingastigi	Rakel G. Magnúsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	1	4	35
Spjaldtölvur - allra fyrstu skrefin	Rakel G. Magnúsdóttir og Þorbjörg Þorsteinsdóttir	Grunnskólakennarar	1	5	15
Stærðfræði í takt við tímann	Viðar Ágústsson	Grunnskólakennarar	1	4	17
Lýðheilsa	Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir	Grunnskólakennarar	1	6	23
Skapandi kennsla með leiklist	Ása Helga Ragnarsdóttir	Grunnskólakennarar	1	5	7
Læsi í 3. og 4. bekk	Jenný Gunnbjörnsdóttir	Grunnskólakennarar	1	8	15
Fab lab	Ýmsir	Grunnskólakennarar	1	8	18
Míðalæsi	Elfa Yr Gylfadóttir	Grunnskólakennarar	1	4	9
Opin viðfangsefni - Hugmyndabanki kennsluverkefna í textílmennt	Sigrún Guðmundsdóttir	Grunnskólakennarar	1	15	9
Moodle vinnusmiðja	Ágúst Tómasson og Anna María Þorkelsdóttir	Grunnskólakennarar	1	8	26
Byrjendalæsi 1. ár í samstarfi við HA	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	32	45
Byrjendalæsi 1. ár í samstarfi við HA	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	28	70
Byrjendalæsi - Símenntun fyrir starfandi leiðtoga	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	8	20
Byrjendalæsi - Símenntun fyrir leiðtoga	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	8	18
Byrjendalæsi - Leiðtogar 1. ár	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	48	48
Byrjendalæsi - Leiðtogar 2 ár	Kennarar við skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyti	Grunnskólakennarar	1	40	40
Líkamleg inngrip - grunnnámskeið	Atli F. Magnússon og Felix Högnason, atferlisfræðingar	Starfsfólk í starfi með fötluðum börnum og unglingum í frístundastarfi	1	8	24
Líkamleg inngrip framhaldsnámskeið	Atli F. Magnússon og Felix Högnason, atferlisfræðingar	Starfsfólk í starfi með fötluðum börnum og unglingum í frístundastarfi	1	6	12
ASSIST	Ýmsir	Starfsfólk leikskóla	1	25	17
Smiðavellir	Hafsteinn Hrafn Grétarsson	Starfsfólk smíðavalla	1	12	23
Grænnætnámskeið	Valentína Björnsdóttir og Karl Eiríksson Móðir Náttúra	Starfsfólk grunnskólamötuneyta	1	2	25
Haustrámskeið - næringarfræðsla og fiskipema	Laufey Steingrimsdóttir HÍ, Gunnþórunn Matis, Sveinn Kjartans matreiðslum.	Starfsfólk grunnskólamötuneyta	1	3	30
Haustrámskeið - næringarfræðsla og fiskipema	Anna S.Ólafsdóttir KHÍ, Gunnþórunn Matis, Sveinn Kjartans matreiðslum	Starfsfólk leikskólamötuneyta	1	3	40
Af hverju er barnið mitt ekki úti að éta sand?	Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Guðrún Hjartardóttir	Sérkennarar í grunnskólum	1	2,5	21
Skóli án aðgreiningar	Hrúnd Logadóttir	Sérkennarar í grunnskólum	1	2,5	33
PMTÖ - kynning	Arndís Þorsteinsdóttir	Sérkennarar í grunnskólum	1	2,5	21
Þróunarverkefni í Foldaskóla - samstarf skóla og kennsluráðgjafa	Jóhanna Lovísa Gísladóttir og Ragnheiður Áxelsdóttir	Sérkennarar í grunnskólum	1	2,5	57
Kynning á svörum við inngrip - Response to Intervention	Kölfína Bergþóra Bustos	Sérkennarar í grunnskólum	1	2,5	28
Af hverju er barnið mitt ekki úti að éta sand?	Embla Guðrúnar Ágústsdóttir og Guðrún Hjartardóttir	Starfsfólk og stjórnendur SFS	44	66	1741
Einn leikskóli mörg tungumál	Fríða Björney Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir	Starfsfólk leikskóla	2	2	50
Fæðuframmi og Óþol	Helga Sigurðardóttir SFS	Starfsfólk eldhúsa leik, grunn og frí Vesturbæ	1	1	20
I það námskeið	Ólafur Sólman, Epli	Yfirmenn mótuneyta Grafarvogur og Laugardalur/Háaleiti	1	2	10
Kennsla á mataræf	Helga Sigurðardóttir og Herborg Svana Hjelms SFS	Yfirmenn mótuneyta Grafarvogur	5	10	6
Kennsla á mataræf	Helga Sigurðardóttir og Herborg Svana Hjelms SFS	Yfirmenn mótuneyta Laugardalur/Háaleiti	5	10	6
Skyndihjálp, grunnnámskeið	Oddur Eiríksson, skyndihjálparleiðbeinandi	Laugaverðir og þaðverðir í grunnskólum	1	16	4
Skyndihjálp, þjörgun	Oddur Eiríksson, skyndihjálparleiðbeinandi	Íþróttakennarar	1	8	30
Skyndihjálp, upprifun	Oddur Eiríksson, skyndihjálparleiðbeinandi	Laugaverðir og þaðverðir í grunnskólum	1	8	11
Skyndihjálp og sálræn skyndihjálp	Ýmsir leiðbeinendur hjá Rauða Krossinum	Starfsfólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva	3	4	150
Samtals			117	510,5	5195



Fræðsla á staðinn

Fjöldmörg námskeið voru í boði sem starfsstaðir gátu fengið til sín og er óhætt að segja að þau hafi verið vel nýtt. Viðfangsefnið voru fjöldmörg. Sem dæmi má nefna fræðslu um einelti, orkustjórnun, starfsánægju, leiðir til að blómstra í starfi, foreldrasamstarf, fjölmennning í leikskóla, heilbrigði og velferð, innleiðing aðalnámskrár, jafnréttisstarf í leikskólum, mál og læsi leikskólabarna, skráning og mat og sköpun og menning.

Vesturbæjarflétta

Vel á sjötta hundrað starfsmenn tóku þátt í sameiginlegan starfsdegi í Vesturbæ í haustbyrjun, en þá var haldin *Vesturbæjarflétta* í þriðja sinn. Boðið var upp á margs konar fagsmiðjur og fyrirlestra, s.s. um læsi og teiknimyndasögur, vellíðan í vinnunni, leiðir til að vinna gegn fordómum og staðalmyndum, umhverfisvitund og skapandi starf.

Breiðholtsbylgja

Þverfaglegur starfsdagur allra starfsstaða borgarinnar í Breiðholti var haldinn í október undir heitinu *Breiðholtsbylgjan*. Um átta hundrað manns tóku þátt í þessum sameiginlega starfsdegi.

Rannsóknir og kannanir

Nemendum líður almennt vel

Rannsókn í gegnum *Skólapúlsinn* sem birt var í byrjun árs leiddi í ljós að grunnskólanemendum í borginni líður almennt vel og að þeir höfðu mikinn áhuga á námsgreinum. Reykvískir nemendur voru einnig ofarlega í samanburði við önnur sveitarfélög hvað snertir ánægju af lestri og náttúrufræði. Þá komu mælingar á líðan vel út og nemendur í Reykjavík höfðu jákvæð viðhorf til námsgetu sinnar og áhuga á náminu.

Góð niðurstaða úr stærðfræðiskimun í 3. bekk

Um 94% nemenda í 3. bekk töldust við stærðfræðiskimuna *Talnýlil* vel staddir í náminu og ólíklegir til að þurfa sérstakan stuðning. Skimunin var lögð fyrir nemendur í 36 grunnskólum í nóvember. Hlutfall þeirra sem þurfa stuðning er 6%. Þessi niðurstaða er ein sú besta frá 2003 þegar skimunin var fyrst gerð.

66% nemenda í 2. bekk gátu lesið sér til gagns

Lesskimun sem gerð var í grunnskólum Reykjavíkur á vormisseri sýndi að 66% nemenda í 2. bekk luku tilskildum árangri í lesskimunarprófi og teljast því samkvæmt skilgreiningu geta lesið sér til gagns.

Unglingum líður vel í félagsmiðstöðinni

Könnun meðal unglinga í félagsmiðstöðvarstarfi leiddi í ljós að þorri barna og unglinga leið vel og var ánægður með starfið. Yfir 90% þeirra töldu sig örugg í starfinu. Ánægja með samskipti við starfsfólk var mikil og töldu unglingar starfsfólkið vera góðar fyrirmyndir.

Almenn ánægja með þjónustu dagforeldra

93% foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra í borginni eru ánægð með hana og mælist ánægja þeirra heldur meiri en undanfarin ár. Þetta kom fram í könnun sem gerð var á haustdögum. Foreldrar höfðu þó fjölmargar athugasemdir um dagforeldrakerfið og vinnur starfshópur um málefni daggæslu yngstu barnanna að úrbótum.

Ráðstefnur og málþing

„Ég bara læraði það sjálfur“

Hátt í þrjú hundruð starfsmenn leikskólanna sátu ráðstefnu um mat á námi og velferð barna sem haldin var 5. febrúar á Hilton Nordica hótelinu. Í erindum var m.a. fjallað um áhrif markaðssetningar á skólastarf og gildi skráninga og námssagna sem leið til að meta leikskólastarfið.

Já kennari - Öskudagsráðstefna

Öskudagsráðstefna fyrir kennara í grunnskólum borgarinnar var haldin 5. mars á Hilton Nordica-hótelinu. Yfirskrift hennar var *Já kennari* og var aðalfyrirlesari Hans Henrik Knoop, forseti Evrópusamtaka um jákvæða sálfræði. Boðið var upp á fimm málstofur þar sem starf kennarans var í öndvegi. Hátt í sex hundruð kennarar sóttu ráðstefnuna sem þótti takast vel í alla staði.

Málþing um lífsleikni

Fjölmennt var á málþingi um lífsleikni sem haldið var í Laugardalshöll í mars fyrir kennara í grunnskólum og fagfólk í frístundastarfi. Markmið þess var að kalla eftir sjónarmiðum um fjölbreytta lífsleiknikennslu til framtíðar. Boðið var upp á áhugaverð erindi og hópastarf.

Höfuð í bleyti – símenntunardagur frístundastarfs

Um 130 manns mættu á *Höfuð í bleyti* í Gerðubergi í maí en þessi fagstefna var nokkurs konar uppskeruhátíð frístundastarfsins. Þar voru 23 áhugaverð verkefni á vettvangi frístundamála kynnt í málstofum. Meðal annars var fjallað um barnalýðræði, forvarnir við neteinelti, árangursrík samskipti, sjálfsstyrkingarhóp fyrir stelpur og félagsmiðstöð á hjólum.

Skóla- og frístundaborgin Reykjavík

Líf og fjör var í fjóra daga á sýningunni *Skóla- og frístundaborgin Reykjavík* sem sett var upp í Ráðhúsinu í apríl samhliða Barnamennningarhátíð. Fjölmargir gestir lögðu leið sína í Ráðhúsið, skoðuðu sýninguna og fylgdust með fjölbreyttri dagskrá þar sem börn og ungmenni voru í sviðsljósinu. Marimbasseit, skólahljómsveitir, dansflokkar og fimleikahópar úr skólunum komu og sýndu listir sínar og gestum stóð til boða að kynna sér fagstarfið í leik, orði og mynd. Þá voru fimm faglegar málstofur haldnar í borgarstjórnarsalnum um grunnþætti menntunar þar sem flutt voru erindi fyrir starfsfólk skóla- og frístundasviðs og aðra áhugasama gesti.

Stóri leikskóladagurinn

Leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna fjölmenntu í Ráðhúsið 23. maí þegar *Stóri leikskóladagurinn* var haldinn í sjötta sinn. Hátt í 40 leikskólar kynntu margvísleg verkefni sem endurspegluðu kraft, köpun og fjölbreytt nám yngstu borgarbuanna. Í lönd var þétt setinn bekkurinn á málþingi þar sem boðið var upp á sex fyrirlestra. Einnig var þar kynnt samstarfsverkefni leik- og grunnskóla á Selfossi, en sveitarfélagið Árborg var gestur Reykjavíkur á þessari fagstefnu.





Út fyrir boxið

Málþing um valdeflandi starf með börnum og unglingum var haldið í Laugalækjarskóla 4. júní. Aðalfyrirlesari var Dr. Dana Edell, bandarískur aktivisti og fræði- og listakona. Hún fjallaði um birtingarmyndir klámvæðingar, áhrif hennar á ungt fólk og leiðir til að sporna gegn henni. Málþingið var samstarfsverkefni skóla- og fristundasviðs, Jafnréttisstofu og Embættis landlæknis.

Hvað höfum við lært?

Yfirskrift málþings sem haldið var í Sæmundarskóla í október var *Hvað höfum við lært?* Að því stóðu átta skólar sem hafa unnið að þróunarverkefnum undir handleiðslu John Morris, skólastjóra Ardleigh Green Junior School í London. 250 starfsmenn skólanna sátu málþingið.

Verðlaun og styrkir

Barnabókaverðlaun

Andri Snær Magnason fékk barnabókaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2014 fyrir bók sína *Tímakistuna* sem Mál og Menning gaf út. Þórarinn Eldjárn fékk verðlaunin fyrir þýðingu sína á færeyska tónlistarævintýrinu *Veidda vind* eftir Rakel Helmsdal, Janus á Húsagarði og Kára Bæk sem Mál og menning gaf út. Verðlaunin voru afhent í 42. sinn við hátíðlega athöfn í Höfða síðasta vetrardag. Við verðlaunaathöfnina færði Andri Snær skólayfirvöldum bók sína *Bláa hnöttinn* á sjö tungumálum.

Hvatningarverðlaun

Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent við hátíðlega athöfn í Ráðhúsinu í maí. Nýbreytni - og þróunarverkefni í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi fengu viðurkenningu auk tveggja samstarfsverkefna. Alls fengu níu verkefni og starfsstöðvar skóla- og frístundasviðs hvatningarverðlaun.



Verðlaunahafar; Andri Snær Magnason og Halldór og Ari, synir Þórarins Eldjárns sem veittu verðlaunum viðtöku fyrir hans hönd. Með þeim á myndinni eru Margrét Kristín Blöndal formaður dómnefndar, Oddný Sturludóttir formaður skóla- og frístundaráðs og Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar.



Fulltrúar samstarfsverkefnisins *Skína smástjörnur* sem miðar að því að móta og þróa gæðastarf með yngstu börnunum.



Jón Gnarr borgarstjóri með handhöfum hvatningarverðlauna frá frístundaheimilinu Eldflauginni.

Leikskólar

- *Skína smástjörnur* - samstarfsverkefni leikskólanna Björtuhlíðar, Hálsaskógar, Langholts og Laugasólar þar sem unnið er að því að móta gæðastarf með yngstu börnunum.
- Sérkennsla í leikskólanum Ægisborg.
- Leikskólinn Garðaborg fyrir fjögur verkefni: *Ljóðabókina*; *Nú er hann beinagrind upp í himninum*, *Lýðræði í Garðaborg*, *Velkominn bókina* og verkefnið; *Stuðningur við pólskumælandi börn*.

Grunnskólar

- *Tónlist skógarins og Ártúnsskóli* - samþætt og þverfaglegt samvinnuverkefni í útinámi 3. og 6. bekkjar.
- *1, 2 og Fellaskóli* - Samfelldur og heildstæður skóladagur fyrir nemendur í 1. og 2. bekk með áherslu á markvissa málörvun, málþroska og lestur.
- *Klúbbaskólinn í Norðlingaskóla* - Stuðningsúræði fyrir nemendur á öllum aldri sem þurfa fjölbreytt nám, þ.e. verklegt nám, listtengt og hreyfitengt.

Frístundastarf

- *Stelpu stuð* - Frístundaheimilið Eldflaugin - frumkvöðlaverkefni sem miðar að því að styrkja sjálfsmynd stúlkna 1. og 2. bekk í Hlíðaskóla.
- *Árangursrík samskipti* - Félagsmiðstöðin Fjörgyn - verkefni þar sem unglingum er boðið upp á fræðslu um árangursrík samskipti, fyrirlestur og verkefni.
- *„Sérðu ekki að við erum líka unglingar“* - Félagsmiðstöðin Askja - fyrir verkefni þar sem markmiðið er að sýna fram á að fatlaðir unglingar eru ekkert öðru vísi en ófatlaðir og hafa sömu áhugamál og væntingar.

Sérstaka viðurkenningu fengu

- Starfsnám unglinga á frístundaheimili - Vætaskóli, félagsmiðstöðin Dregyn, frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland.
- Lýðræðisverkefni Frostaskjól og Vesturbæjarskóla.

Nemendaverðlaun

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru veitt við hátíðlega athöfn í Fellaskóla 26. maí. 33 grunnskólanemendur tóku við þessari viðurkenningu fyrir dugnað og elju á hinum ýmsu sviðum skólstarfsins.

Íslenskuverðlaun unga fólksins

Hátt í eitt hundrað börn og unglingar fengu Íslenskuverðlaun unga fólksins í bókmenntaborginni Reykjavík sem afhent voru á *Degi íslenskrar tungu*. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setti athöfnina og frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og verndari verðlaunanna, flutti ávarp. Þá var Alexander Þór Gunnarsson nemandi í Rimaskóla með uppi-stand og barna- og unglingaleikhúsið *Borgar-börn* flutti söngatriði úr leikritinu *Mamma Gjú* undir stjórn Erlu Ruthar Harðardóttur. Íslenskuverðlaunin voru nú veitt í áttunda sinn, en þeim er ætlað að auka áhuga grunnskólanema í Reykjavík á íslensku og hvetja þá til framfara í tjáningu og töluðu og rituðu máli.

Kvikmyndaverðlaun

80 myndir bárust í stuttmyndakeppni grunnskólanna í Reykjavík sem haldin var í Bíó Paradís í maí. Myndirnar báru vitni um mikla grósku í kvikmyndagerð barna og unglinga. Nemendur úr Hólabrekkuskóla fóru með sigur af hólmi í flokki eldri nema með myndina *Who knew*. Í flokki yngri nemenda vann stuttmyndin *Fallið* úr Waldorfsskólanum Sólstöfum.

Styrkir

Skóla- og frístundaráð úthlutaði á árinu styrkjum fyrir tæpar 30 milljónir til 16 almennra verkefna og 38 nýbreytni- og þróunarverkefna. Við afgreiðslu almennra styrkja var haft að leiðarljósi að styrkja verkefni sem stuðluðu að auknu foreldrasamstarfi í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi. Kennsla í íslensku sem öðru máli var leiðarstef við veitingu þróunarstyrkja.

Hæsti almenni styrkurinn, 600.000 kr. fór til ADHD- samtakanna til að útbúa námskeið á netinu fyrir leiðbeinendur í íþrótt- og tómstundastarfi. Verkefnið *Sögupokinn* sem miðar að því að efla íslenskukunnáttu fjölskyldna af erlendum uppruna, fékk næsthæsta styrkinn, 450.000 kr., og forvarnarverkefnið *Ella umferðartröll* og farandsýningin *Undir himni*, sem ætluð er leikskólabörnum, fengu 400.000 kr. styrk hvort.

Hæsti þróunarstyrkurinn, 3 milljónir króna, rann til verkefnisins *Fullgild þátttaka í Háaleitisskóla*, en sá næsthæsti, 1,7 milljónir kr. kom í hlut Frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs í Breiðholti og verður varið til að kortleggja þátttöku barna af erlendum uppruna í starfi frístundaheimilanna. Þá fékk verkefnið *Okkar mál* 1,5 milljóna króna styrk, en það byggir á samstarfi leikskóla, grunnskóla, þjónustumiðstöðvar og Menntavísindasviðs HÍ um leiðir til að efla menningu, mál og læsi í Fellahverfi.



Viðburðir

Vetrarhátíð

Börn og ungmenni voru að venju virk á Vetrarhátíð og tóku þátt í ýmsum viðburðum. Ungir listamenn í leikskólanum *Drafnarsteini* bjuggu m.a. til skemmtilegan ljósagjöfning á *Bláa róló* og skreyttu tré með hugmyndum sínum og draumum. Ljósaverkið var meðal hugmynda sem bárust verkefninu *Betri hverfi*.



Barnameningarhátíð

Barnameningarhátíð var haldin í fjórða sinn 29. apríl - 4. maí. Nemendur 4. bekkjar grunnskólanna tóku þátt í opunarhátíðinni, 1.400 talsins, og fluttu lagið 112 ásamt tónlistarfólkinu Friðriki Dór, Möggu Stínu og Dr. Gunna, sem samdi lagið sérstaklega fyrir hátíðina. Við opunarhátíðina í Eldborgarsal Hörpu var Laufásborg veittur menningarfáninn fyrir metnaðarfullt liststarf með börnum. Leikskólabörn sýndu einnig lifandi barnameningu á stóra sviðinu í Eldborg og sungu barnalög eftir Jón Þórarinsson undir stjórn Elfu Lilju Gísladóttur.



Seljaskóli sigraði Skrekk

16 af 25 skólum með unglingadeildir kepptu að þessu sinni í Skrekk, árlegri hæfileikakeppni grunnskólanna sem haldin var í nóvember í Borgarleikhúsinu. Seljaskóli sigraði keppnina á æsipennandi úrslitakvöldi, í öðru sæti var Hlíðaskóli og Langholtsskóli í því þriðja. Þetta var í annað sinn sem Seljaskóli sigraði keppnina.

Alþjóðlegur dagur læsis

Í mörgum grunnskólum borgarinnar var haldið upp á alþjóðlegan dag læsis 8. september og áttu börn og ungmenni notalegar stundir við lestur góðra bóka. Í október var svo haldin lestrarhátíð á vegum Bókmenntaborgarinnar undir fyrirsögninni *Tími fyrir sögu* og lestrarátakið *Allir lesa*, landsleikur í lestri, þar sem margir grunnskólar voru virkir þátttakendur.



Ljósmyndasamkeppni grunnskólanna

Góð þátttaka var í ljósmyndakeppni grunnskólanema sem efnt var til á *Degi íslenskrar náttúru*, þann 16. september. Viðfangsefni keppinnar var *Náttúran í borginni – hið kunnuglega og hið óvænta*.

Nær 150 myndir bárust í keppnina frá grunnskólanemendum hvaðanæva að úr borginni. Fyrstu verðlaun hlaut Freyja Stígsdóttir úr 7. bekk í Austurbæjarskóla.

Fjármál

Heildarkostnaður sviðsins á árinu var 37,3 milljarðar kr. og jókst um 3,2 milljarða kr. frá 2013. Helsta skýringin á útgjaldaaukningu voru kjarasamningar við leik- og grunnskólakennara. Veruleg aukning var í sérkennslu og ljóst að þörfin var talsvert meiri en áætlað var. Fallið var frá gjaldskrárhækkunum í upphafi ársins.

Helstu fjárhagslegu markmið á árinu 2014 voru;

- Bætt fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf
- Hagkvæm nýting fjármagns
- Endurskipulagning mótuneytisþjónustu
- Samræming úthlutunarreglna
- Raunkostnaður við þjónustubætti verði aðgengilegir

Tekin var upp aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Helstu markmið SFS varðandi hana fólu í sér að;

- skilgreina verkefni sem stuðla að jafnrétti kynja
- vinna gegn óæskilegum áhrifum staðalmynda
- efla þekkingu á sáttmálum tengdum mannréttindum
- þróa leiðir og hugmyndir til að efla lýðræði og samfélagslega ábyrgð
- brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla

Útgefið efni

- Starfsskrá frístundamiðstöðva.
- Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs.
- Stefna og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2014
- *Heimurinn er hér* - Stefna um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.
- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019 – gefin út af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði.
- Félagsleg menntastefna - skýrsla um stefnumótun.
- Bæklingar um málþroska og mál- og lesskilning barna. Í samstarfi við Árórsaborg.
- *Út fyrir boxið* - hvernig efla má sjálfstraust stelpna og vinna gegn hamlandi staðalmyndum í lífi barna og ungmenna á skapandi og árangursríkan hátt - skýrsla starfshóps.
- Lífsleikni og lífsleiknikennsla. Skýrsla starfshóps.
- Heilsuefning grunnskólabarna – hreyfing. Skýrsla starfshóps.
- Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum. Stýrihópur um heildarmat grunnskóla.
- Samstarf ÍTR og skóla- og frístundasviðs vegna starfsemi í Nauthólsvík. Skýrsla starfshóps.
- Frístundaakstur. Skýrsla starfshóps.
- Snjalltæki í skólastarfi. Skýrsla starfshóps.
- Notkun tölvutækni í námi og kennslu mikið fatlaðra grunnskólanemnda. Skýrsla starfshóps.
- Skrekkur – hæfileikakeppni. Skýrsla rýnihóps.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra barna hjá dagforeldrum.
- Viðhorf unginga til starfsemi félagsmiðstöðva – könnun.
- Hagir og líðan grunnskólanemenda – rannsókn.
- Ársskýrsla skóla- og frístundasviðs 2013.





Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið